

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptajónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/432/EB frá 23. maí 2008 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽²⁾ með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 7.8.2008, bls. 15.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0432**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/432/EB frá 23. maí 2008 (Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 7.8.2008, bls. 15.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/432/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 7.8.2008, bls. 15, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.